

Kjósarhreppur  
Jón Eiríkur Guðmundsson,  
byggingar- og skipulagsfulltrúi  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
28. feb. 2012 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. febrúar 2012  
Tilvísun: UST20120100219/ksj

### Lýsing á tillögu að breytingu á „aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005 – 2017“. Skilgreining íbúðasvæðis í landi Eyrar.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 20 janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005 – 2017.

Fyrirhugaðar eru breytingar á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005 – 2017 og felast breytingarnar í því að hluta svæðis fyrir frístundabyggð F23 verði breytt í íbúðabyggð Íl. Íbúðasvæðið er áætlað alls 4,6 ha að stærð og er gert ráð fyrir að skipuleggja þar um 15 íbúðalóðir með 15 íbúðum. Ofangreint svæði er í landi Eyrar.

### Náttúruminjar

Svæðið sem er áætlað að breyta úr landnotkuninni frístundabyggð í íbúðasvæði liggur að svæði á náttúruminjasrá. Svæðið er númer 134 í skránni og þar segir: „*Laxárvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1) Grunnasævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.*“ Umhverfisstofnun telur þar af leiðandi afar mikilvægt að ströndinni verði hlíft við öllu raski og bendir stofnunin á að sjávarleirur og fitjar eru vistkerfi sem falla undir 37.gr laga um náttúruvernd, og njóta því sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

### Frárennsli

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gerð verði grein fyrir því í skipulagi hvernig áætlað er að leysa frárennismál. Með ofangreindri breytingu verður þéttari byggð á skipulagssvæðinu en gert var ráð fyrir, þegar þar var áætluð frístundabyggð.

Umhverfisstofnun bendir á reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og einnig bendir stofnunin á *Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir*, sem er bæklingur gefinn út af Umhverfisstofnun og er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

### Skipulag við ár, vötn og sjó

Umhverfisstofnun bendir á að aðgengi almennings skal vera óhindrað meðfram vötnum, ám eða sjó og vísar stofnunin í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem kemur fram að ekki skuli staðsetja byggingarreiti utan þéttbýlis nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 er óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Í lögum um náttúruvernd segir einnig að við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Umhverfisstofnun mælir með að fjarlægð frá strönd verði 100 m þar sem vogurinn er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst

*A. Berna Guð.*

Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun